

Ed.

848. Breytingartillögur

[251. mál]

við frv. til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 3. gr.

a) Viðmiðunarstaður nr. 38 Göltur (Hellnagöltur) falli brott.

b) Við B. Austurland bætist nýr liður:

B 3. Skipum, 39 metrar að lengd eða minni, er heimilt að veiða allt árið með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er úr punkti 6 sjómílu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms 10) í punkt 6 sjómílu réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms 13).

c) Við C. Suðausturland.

1. Við C 4.

Í stað „línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða“ komi: 18°00' v.lg.

2. Við C 5.

Í stað „línu réttvísandi suður frá Ingólfshöfða“ komi: 18°00' v.lg.

3. Við C 5 bætist: Togveiðar verði þó ekki heimilar á svæði milli línu, sem dregin er réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1' n.br., 14°32,5' v.lg.), og að línu, sem hugsast dregin réttvísandi vestan af 15°45', innan 6 sjómílna frá landi, á tímabilinu 1. maí til 1. október.

4. Við C 6. Í stað „austur frá Ingólfshöfða“ komi: suður frá Ingólfshöfða.

5. Við bætist nýr liður:

C 8. Á svæði, sem afmarkast af línu, sem hugsast dregin réttvísandi austur frá Hvítungum (vms 19), að línu, sem hugsast dregin réttvísandi suður af Hvalnesi (64°24,1' n.br., 14°32,5' v.lg.), er öllum skipum heimilt að veiða allt að 6 sjómílum frá fjöruborði á tímabilinu frá 1. maí til 31. desember.

d) Við D. Suðurland. Í stað „1. janúar til 15. september“ í D 9 komi: 1. janúar til 20. júní og 1. ágúst til 15. september.

e) Við E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði. Í stað „Reykjanesvita“ í E 2 komi: Reykjanesaukavita.

2. Við 6. gr. Í stað „með tilkynningu að banna allar togveiðar á þeim svæðum, svo og aðrar veiðar“ komi: að tilkynna bann við öllum togveiðum á þeim svæðum, svo og öðrum veiðum.

3. 8. gr. orðist svo:

Stefnt skal að því, að auk eftirlits Landhelgisgæslunnar skuli sérstök eftirlitsskip, sem gerð verði út af Hafrannsóknastofnuninni, fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni í því skyni að koma í veg fyrir óhóflegt smáfiskadráp eða aðrar skaðlegar veiðar. Skipstjóri hvers eftirlitsskips skal vera sérstakur trúnaðarmaður sjávarútvegsráðherra og skal ráðinn af honum í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Skipstjórar þessir hafi reynslu af fiskveiðum, þ. á m. togveiðum.

Ráðherra setur sérstaka trúnaðarmenn um borð í veiðiskip, eftir því sem þurfa þykir, og er skipstjórum veiðiskipa skylt að veita eftirlitsmönnum þessum og skipverjum eftirlits- og rannsóknaskipa þá aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum, sem nánar er ákveðið í erindisbréfum útgefnum af ráðuneytinu til handa eftirlitsmönnum þessum.

Hvenær sem skipstjórar eftirlitsskipa, leiðangurstjórar rannsóknaskipa Hafrannsóknastofnunarinnar eða sérstakir trúnaðarmenn, sbr. 2. mgr., verða varir við verulegt magn af smáfiski í afla, geta þeir bannað veiðar á ákveðnu svæði, sem þeir afmarka í þessu skyni, í allt að þrjú sólarhringa.

Skyndilokanir skv. 3. mgr. taka gildi um leið og þær eru tilkynntar í útvarpi eða í fjarskiptatæki af viðkomandi trúnaðarmönnum ráðherra eða leiðangurstjórum.

Hafrannsóknastofnuninni og sjávarútvegsráðuneytinu skulu tilkynntar forsendur slíkra skyndilokana um leið og ákvörðun þar að lútandi hefur verið tekin. Ráðuneytið ákveður þá í samráði við Hafrannsóknastofnunina innan þriggja sólarhringa hvort og þá hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar til verndunar ungfisks á viðkomandi svæði.

4. Við 13. gr.

a) Í stað „20. desember“ komi: 30. nóvember.

b) Við greinina bætist:

Heimild þessi til veitingar dragnótaveiðileyfa skal ekki notuð að því er varðar veiðar í Faxaflóa.

5. 15. gr. orðist svo:

Ráðherra getur að fengnu álitni Hafrannsóknastofnunarinnar veitt heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna innan fiskveiðilandhelginnar og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila eina. En ætíð skulu slíkar tilraunir og rannsóknir fara fram undir eftirliti og í umsjá Hafrannsóknastofnunarinnar.

6. 16. gr. orðist svo:

Veiðiheimildir samkvæmt 13.—15. gr. skulu jafnan vera tímabundnar, og skal ávallt leita umsagnar Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands áður en þær eru veittar. Auk þess skal ráðherra leita umsagnar annarra aðila, þegar honum þykir ástæða til.

7. Við 17. gr. Í stað 4. mgr. komi tvær nýjar málsg., svo hljóðandi:

Lagt skal lögald á skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákærvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

Til tryggingar greiðslu sektar skv. þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

8. Við 19. gr. Í stað „botnvörpu- eða flotvörpuveiðar“ komi: veiðar.

9. Við ákvæði til bráðabirgða bætist:

Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. skulu skip, sem eru 45 rúmlestir brúttó eða minni og hafa notið heimilda til dragnótaveiði, njóta sömu veiðiheimilda.